

Til: Guðmundur Ingi Þóroddsson
 Gaukshólum 2
 111 Reykjavík

Ákvörðun kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík

Þann 11. febrúar 2022 tók kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík svohljóðandi ákvörðun:

1. *Frumkvæðisathugun kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík*

Kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík hefur borist ábending um að vafi kunnir að leika á kjörgengi Guðmundar Inga Þóroddssonar (hér eftir nefndur frambjóðandi) með hliðsjón af ákvæðum 2. og 3. mgr. 6. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Kjörstjórn hefur því hafið sjálfstæða athugun á því álitaefni hvort afplánun frambjóðanda teljist að fullu lokið í skilningi 3. mgr. 6. gr. kosningalaga sem og 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga, og uppfylli þar með skilyrði kosningalaga nr. 112/2021 um kjörgengi til sveitarstjórnarkosninga og reglur Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar um kjörgengi frambjóðenda í flokksvali flokksins vegna borgarstjórnarkosninga þann 14. maí 2022.

2. *Málavextir*

Þann 7. janúar 2022 auglýsti kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík eftir frambjóðendum fyrir flokksval Samfylkingarinnar vegna komandi borgarstjórnarkosninga þann 14. maí 2022 með tölvupósti á flokksfélaga skráða til heimilis í Reykjavík (sjá fylgiskjal 1). Tilkynnt var um að flokksvalið skyldi fara fram helgina 12.-13. febrúar 2022 með rafrænum hætti og skyldi framboðsfrestur renna út þann 22. janúar 2022 kl. 12:00 á hádegi.

Kjörstjórn upplýsti jafnframt um gildandi skilyrði um framboð í flokksvali sem leiða af landslögum sem og reglum Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík. Fyrir liggur að frambjóðandi afhenti fulltrúa kjörstjórnar undirritað framboð sitt þann 19. janúar sl. og undirritaði við það tilefni staðfestingu sína þess efnis að hann uppfyllti ofangreind skilyrði til þátttöku í flokksvalinu. Formaður kjörstjórnar gerði frambjóðanda munnlega grein fyrir hlutverki og skyldum kjörstjórnar við athugun á gildi framboðs frambjóðanda. Tjáði formaður kjörstjórnar frambjóðanda einnig um að kjörstjórn hefði ekki tók á að yfirfara skilyrði um kjörgengi einstakra frambjóðenda jafnóðum. Var frambjóðanda þó gert grein fyrir því að kjörstjórn væri unnt að framkvæma athugun á kjörgengi einstakra frambjóðenda ef tilefni þætti til og áskildi kjörstjórn sér rétt til að afla gagna þar að lútandi.

Þann 22. janúar 2022 barst frambjóðanda skrifleg staðfesting á að framboð hans hefði verið metið gilt á fundi kjörstjórnar. Kjörstjórn hafði þó að svo komnu ekki gert sérstaka athugun á kjörgengi frambjóðanda enda ekki á færi hennar að afla gagna um slíkt án umboðs frá frambjóðanda. Formaður kjörstjórnar hafði þó óskað eftir skriflegri staðfestingu Fangelsismálastofnunar á stöðu afplánunar frambjóðanda með tölvupósti dags. 5. janúar 2022. Slíkt gagn hafði ekki verið afhent með framboði frambjóðanda, en mat kjörstjórnar var að framvisun þess væri ekki sjálfkrafa áskilið við mat á gildi framboðs samkvæmt gildandi reglum Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Þann 9. febrúar 2022 óskaði formaður kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík eftir staðfestingu frá frambjóðanda í formi vottorðs frá Fangelsismálastofnun um stöðu afplánunar frambjóðanda sem skyldi berast fyrir kl. 13:00 næsta dag. Beiðni formanns kjörstjórnar barst frambjóðanda í símtali sem og með tölvupósti kl. 21:28. (sjá fylgiskjal nr. 3)

Þann 9. febrúar 2022 kl. 22:04 var beiðni formanns kjörstjórnar svarað af hálfu frambjóðanda. Kom þar meðal annars fram að það væri skilningur frambjóðanda að kjörstjórn hefði tekið endanlega afstöðu til kjörgengis hans með staðfestingu á gildi framboðs þann 22. janúar 2022. Formaður kjörstjórnar svaraði bréfi frambjóðanda með tölvupósti þann 10. febrúar 2022 kl. 10:35 þar sem beiðni kjörstjórnar um framvísun vottorðs Fangelsismálastofnunar um stöðu afplánunar frambjóðanda var ítrekuð. Veittur var frestur þess efnis til kl. 16:00 þann 10. febrúar 2022, og myndi kjörstjórn að þeim tíma loknum taka ákvörðun um framhald málsins og gildi framboðs frambjóðanda (sjá fylgiskjal nr. 4).

Þann 10. febrúar kl. 15:03 barst formanni kjörstjórnar tölvupóstur frá Sigrúnu Ástu Brynjarsdóttur lögmanni frambjóðanda sem innihélt vottorð frá Fangelsismálastofnun dags. 6. janúar 2022 (sjá fylgiskjal nr. 5) sem og yfirlýsingu þess efnis að afplánun lyki að öðru óbreyttu þann 1. ágúst 2023 að reynslutíma loknum. Formaður kjörstjórnar óskaði eftir staðfestingu á efni vottorðs hjá fangelsismálastjóra með tölvupósti kl. 16:21 þann sama dag. Fangelsismálastjóri svaraði formanni kjörstjórnar kl. 18:45 þess efnis að vottorð það sem barst frá lögmanni frambjóðanda fæli ekki í sér vottorð um að afplánun væri að fullu lokið heldur einvörðungu að viðkomandi væri ekki í afplánun í fangelsi. Afplánun teldist aðeins lokið að fullu þegar viðkomandi hefði afplánað alla refsinguna að fullu eða eftir lok reynslutíma í kjölfar reynslulausnar að afplánuðum hluta refsingar (sjá fylgiskjal nr. 6).

3. Lög og reglur sem gilda um kjörgengi til sveitarstjórnarkosninga

3.1. Kosningalög nr. 112/2021

Fjallað er um kjörgengi til sveitarstjórnarkosningar í 6. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Í 2. mgr 6. gr. segir að kjörgengur í sveitarstjórn sé hver sá sem á kosningarétt í sveitarfélagi skv. 4. gr. og hefur óflekkað mannorð. Í 3. mgr er svo að finna skilgreiningu á hvað teljist óflekkað mannorð, þ.e. að enginn teljist hafa óflekkað mannorð sem hlotið hafi dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi þegar dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

3.2. Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016

Í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 segir að afplánun feli í sér vistun í fangelsi eða utan fangelsa vegna afplánunar óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða vararefsingar fésekta. Í 18. tl. 1. mgr. 2. gr. sömu laga segir að reynslulausn sé skilorðsbundin eftirgjöf hluta refsingar. Þá segir í 19. tl. sömu greinar segir að reynslutími sé sá tími sem reynslulausn varir. Í VIII. kafla laganna er fjallað um reynslulausn en þar segir í 1. mgr. 80. gr. að við ákveðin skilyrði sé fangelsismálastofnun heimilt að veita fanga lausn *til reynslu*. Samkvæmt orðanna hljóðan er þannig um að ræða lausn úr fangelsi til reynslu og er þeirri reynslulausn markaður ákveðinn reynslutími með ákveðnum skilyrðum skv. 81. gr. Verði rof á þeim skilyrðum

er tekið á því samkvæmt 82. gr. með margvíslegum leiðum réttarvörslukerfisins allt þar til afplánun telst að fullu lokið, í lok reynslutíma.

3.3. Reglur Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík

Kveðið er á um störf og aðferðir Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík við val á framboðslistum í 17. gr. reglna ráðsins (sjá fylgiskjal nr. 7). Ákveður Fulltrúaráðið framkvæmd og fyrirkomulag röðunar á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík við alþingis- og borgarstjórnarkosningar í samræmi við reglur sem flokksstjórn Samfylkingarinnar setur. Slíkar reglur hafa verið settar með *Skuldbindandi reglum um aðferðir við val á framboðslista* (sjá fylgiskjal nr. 8). Í reglum þessum segir í 4. kafla að kjörgengir séu allir félagsmenn í Samfylkingunni sem uppfylla skilyrði landslaga um kosningarétt og kjörgengi, og hafi meðmæli féлага í Samfylkingunni. Í reglum þessum eru ekki gerðar undantekningar frá því skilyrði.

Telur kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík sér ekki heimilt að víkja frá framangreindum skilyrðum landslaga um kjörgengi frambjóðenda þegar staðfest hefur verið af hálfu Fangelsismálastofnunar að afplánun frambjóðanda mun að öðru óbreyttu ekki verða að fullu lokið fyrir 14. maí 2022 með vísan til þess er að framan greinir.

4. Niðurstaða

Með vísan til þess sem að framan greinir hefur kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík komist að þeirri niðurstöðu að framboð Guðmundar Inga Þóroddssonar í flokksvali Samfylkingarinnar vegna borgarstjórnarkosninga 14. maí 2022, sé ekki gilt þar sem frambjóðandi uppfyllir ekki skilyrði 2. og 3. mgr 6. gr. kosningalaga nr 112/2021 um kjörgengi til sveitarstjórnar.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Úrskurðir kjörstjórnar eru kæránlegir til úrskurðarnefndar, með hliðsjón af ákvæðum 6.11 og 6.13 í skuldbindandi reglum Samfylkingarinnar um aðferðir við val á framboðslista. Rennur kærufrestur út þann 11. febrúar kl 12:00 og skal kæra berast á skrifstofu Samfylkingarinnar að Sóltúni 26, 105 Reykjavík eða með tölvupósti í netfangið samfylking@samfylking.is.

Fyrir hönd kjörstjórnar,

Ásta Guðrún Helgadóttir

formaður

Afrit:

Bjarki Már Magnússon, umboðsmaður frambjóðanda

Úrskurðarnefnd

Stjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

Fylgigögn:

1. Tilkynning kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna flokksvals dags. 7. Janúar 2022.
2. Undirrituð framboðsyfirlýsing Guðmundar Inga Þóroddssonar, dags. 19. janúar 2022.
3. Tölvupóstur formanns kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík til frambjóðanda dags. 9. febrúar 2022 kl. 21:28
4. Tölvupóstur frambjóðanda til formanns kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík dags. 9. febrúar kl. 22:04 auk svara formanns kjörstjórnar þann 10. febrúar sl. kl. 10:35
5. Tölvupóstur Sigrúnar Ástu Brynjarsdóttur lögmanns til formanns kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík dags. 10. febrúar 2022 kl. 14:34-15:08
6. Tölvupóstur Páls Winkel, fangelsismálastjóra til formanns kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík dags. 10. febrúar kl. 18:45.
7. Lög Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík, samþykkt á aðalfundi þann 31. janúar 2012 ásamt síðari breytingum þann 7. október 2013 og breytingum 2. september 2019.
8. Skuldbindandi reglur um aðferðir við val á framboðslista, samþykkt af flokksstjórn Samfylkingarinnar 25. ágúst 2012 ásamt síðari breytingum þann 19. október 2019.
9. Samþykkt stjórnar fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík um val á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningar 2022.



From: Kjörstjórn FSR Samfylkingarinnar samfylking@samfylking.is
Subject: Kjörstjórn í Reykjavík auglýsir eftir frambjóðendum
Date: 7 January 2022 at 16:01
To: Ásta Guðrún Helgadóttir asta@helgadottir.is

[View this email in your browser](#)



Samfylkingin

Kæri félagi

Kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík auglýsir eftir frambjóðendum fyrir flokksval Samfylkingarinnar vegna komandi borgarstjórnarkosninga. Flokksvalið mun fara fram helgina 12.-13. febrúar 2022 og verður með rafrænum hætti. Framboðsfrestur rennur út laugardaginn 22. janúar næstkomandi, klukkan 12:00 á hádegi.

Félagar Samfylkingarinnar sem hafa hug á framboði mega tilkynna kjörstjórn fyrirhugað framboð á fsr@samfylkingin.is til að fá frekari leiðbeiningar um framboð og aðrar upplýsingar. Nánari upplýsingar um framboð til flokksvalsins má nálgast [hér](#).

Trúnaður við kjörstjórn er tryggður. Jafnframt er vakin athygli á því að til þess að framboð teljist gilt þarf frambjóðandi að skila ákveðnum gögnum til kjörstjórnar. Til að framboð teljist gilt þurfa gögnin þurfa að vera undirrituð og í frumriti. [Hægt er að nálgast fylgigögn](#). Nánari útfærsla á kosningunum verður auglýst síðar.

Upplýsingar fyrir frambjóðendur:

- Kjörgengir eru allir félagsmenn í Samfylkingunni sem uppfylla skilyrði landslaga um kosningarétt og kjörgengi og hafa meðmæli félaga í Samfylkingunni.
- Kosningin er bindandi varðandi sex efstu sætin á framboðslista Samfylkingarinnar, að teknu tilliti til reglna flokksins og FSR um að ekki halli á konur.
- Páttökugjald frambjóðenda verður 30.000 kr. Helmingsafsláttur er fyrir öryrkja, atvinnulausa og námsmenn, eða 15.000 kr.
- Frambjóðendur skuldbinda sig til þess að fara eftir lögum nr. 162/2016 um starfsemi stjórnmalasamtaka, skuldbindandi reglum Samfylkingarinnar um val á framboðslista, og nánari útfærslum stjórnar FSR ef svo ber undir.
- Með framboði skal skila skriflegum stuðningi að lágmarki 20 flokksfélaga en ekki fleiri en 30, sem eiga lögheimili í Reykjavík. Vegna sóttvarna mun kjörstjórn heimila rafrænar stuðningsyfirlýsingar, sjá leiðbeiningar.
- Frambjóðendur þurfa að skila inn framboðsyfirlýsingu ásamt fylgigögnum, útprentuðum og í frumriti, eigi síðar en klukkan 12:00 á hádegi laugardaginn 22. janúar 2022, þar sem kjörstjórn mun í kjölfarið úrskurða um gildi framboða.

Upplýsingar um kosningarétt í flokksvali

- Kosningarétt í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík hafa:
 - Allir félagsmenn í Samfylkingunni með lögheimili í Reykjavík sem hafa náð 16 ára aldri á valdegi.
 - Skráðir stuðningsmenn Samfylkingarinnar sem eru 16 ára og eldri, með lögheimili í Reykjavík, sem hafa skráð sig sem stuðningsmann Samfylkingarinnar.
- Kiörskrá verður lokað klukkan 23:59. bann 4. febrúar.

Fyrir hönd kjörstjórnar FSR,

Ásta Guðrún Helgadóttir

Formaður kjörstjórnar

S. 6612128 - asta@helgadottir.is





Samfylkingin © 2021 All rights reserved.

Sóltún 26, 105 Reykjavík

Want to change how you receive these emails?

You can [update your preferences](#) or [unsubscribe from this list](#).

FRAMBOÐSYFIRLÝSING

Ég, FULLT NAFN, lýsi yfir framboði í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninga 14. maí 2022.

3. til 5. sæti

Með framboði minnu sækist ég eftir NÚMER sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Með framboðsyfirlýsingu minni staðfesti ég eftirfarandi:

- Ég er félagi í Samfylkingunni – jafnaðarmannaflokki Íslands og er á kjörskrá í Reykjavík.
- Með yfirlýsingu þessari legg ég fram lista yfir minnst 20 meðmælendur og að hámarki 30, sem styðja framboð mitt og eru flokksfélagar í Samfylkingunni – jafnaðarmannaflokki Íslands með lögheimili í Reykjavík.
- Að ég sé kjörgeng/t/ur í borgarstjórnarkosningunum 14. maí 2022 sbr. 2. mgr. 6. gr. kosningalaga nr. 112/2021, sbr. 4. gr. og 3. mgr. 6. gr. sömu laga.
- Ég er reiðubúin/ó/nn til að fara eftir lögum nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka og skuldbindandi reglum Samfylkingarinnar um val á framboðslista. Þar á meðal að fylgja fyrirmælum laga um upplýsingaskil um fjármál framboðs míns til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en þremur mánuðum frá því að flokksvalið fór fram.
- Ég hef kynnt mér ítarlega öll framboðsgögn, tímaáætlun og reglur Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík sem gilda um flokksval, sem og verklags- og samskiptareglur kjörstjórnar og reglur um félagaskrá flokksins.
- Ég hef greitt þátttökugjald og/eða beðið um lækkun eða niðurfellingu með formlegum hætti.
- Ég geri mér grein fyrir því að fyrstu sex sæti flokksvalsins eru bindandi að teknu tilliti til reglna flokksins og FSR um að ekki halli á konur.
- Ég samþykki að skila framboðsyfirlýsingu ásamt fylgigögnum útprentuðum og undirrituðum í frumriti til kjörstjórnar eigi síðar en klukkan 12:00 á hádegi þann 22. janúar 2022. Kjörstjórn mun úrskurða um gildi framboðs míns.

REYKJAVÍK 12/04/22

Staður og dags.

Undirskrift frambjóðanda



From: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík fsr@samfylking.is
Subject: Kjörgengi
Date: 9 February 2022 at 21:28
To: Gudmundur Thoroddsson gummi2905@hotmail.com
Cc: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík fsr@samfylking.is

Sæll Guðmundur,

Takk fyrir símtalið áðan.

Eftir erindi frá formanni uppstillinganefndar þá vil ég óska þess að þú reiðir fram vottorð frá Fangelsismálastofnun um stöðu afplánunar þinnar, fyrir klukkan 13:00 á morgun, 10. febrúar 2022. Þetta er í samræmi við tölvupóstsamskipti okkar frá 5. janúar 2022 og símtöl sama dags, sem og símtalið í dag. Þetta er til þess að við í kjörstjórn getum fullvissað okkur um kjörgengi þitt m.t.t. óflekkaðs mannorðs.

Kær kveðja,
Ásta Guðrún Helgadóttir
Formaður kjörstjórnar FSR

From: Gudmundur Thoroddsson gummi2905@hotmail.com
Subject: Re: Kjörgengi
Date: 9 February 2022 at 22:04
To: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík fsr@samfylking.is

Sæl Ásta og takk sömuleiðis

Samkvæmt samtali okkar 19/01/22 á heimili þínu á Freyjugötu tjáðir þú mér að kjörstjórn hefði fjallað um málið og komist að niðurstöðu um að ég væri kjörgengur og að kjörstjórn væri tilbúin með svör ef einhver myndi setja spurningamerki um kjörgengið. Þá sagðir þú einnig að ef til þess kæmi að einhver myndi kæra þá myndi Samfylkingin taka þann slag.

Í ljósi þessa og að formaður Stjórnskipunar og eftiritsnefndar alþings hafði haft samband við þig var ekki beðið um frekari staðfestingu enda er það yfirkjörstjórn sveitarfélaga sem sker úr um kjörgengi samkvæmt lögum og er sú ákvörðun einnig kæránleg.

Það er því mjög óeðlilegt að óska á þessum tímapunkti eftir frekari gögnum með það stuttum fyrirvara þegar kjörstjórn hefur þegar tekið framboðið gilt og prófkjörsslagur hafinn ásamt því að mörg hundruð þúsund krónum hefur verið varið í baráttuna. Ég hafði áður skilað 9 lögfræðialitum til Harðar Oddfríðarsonar sem ég greiddi einnig sjálfur og kostaðir nokkur hundruð þúsund en þá hefði ég einnig sent þér þau gögn í lok síðasta árs.

Nú vill svo til að lögfræðingur minn er erlendis og kemur um helgina og ég er á fullu í kosningarbaráttu ásamt því að byrja í nýrri vinnu há Reykavíkurborg í fyrramálið og því er erfitt fyrir mig að bregðast við svo fljótt. Ég mun klárlega biðja lögfræðinginn um að afla gagna og senda ykkur um leið og hann kemur en ég myndi ekki búast við því fyrr en eftir helgina en það á ekki að koma að sök fyrir uppstillinganefnd enda prófkjóri ekki lokið.

Bestu kveðjur

Guðmundur Ingi Þóroddsson

From: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík <fsr@samfylking.is>
Sent: Wednesday, February 9, 2022 9:28 PM
To: Gudmundur Thoroddsson <gummi2905@hotmail.com>
Cc: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík <fsr@samfylking.is>
Subject: Kjörgengi

Sæll Guðmundur,

Takk fyrir símtalið áðan.

Eftir erindi frá formanni uppstillinganefndar þá vil ég óska þess að þú reiðir fram vottorð frá Fangelsismálastofnun um stöðu afplánunar þinnar, fyrir klukkan 13:00 á morgun, 10. febrúar 2022. Þetta er í samræmi við tölvupóstsamskipti okkar frá 5. janúar 2022 og símtöl sama dags, sem og símtalið í dag. Þetta er til þess að við í kjörstjórn getum fullvissað okkur um kjörgengi þitt m.t.t. óflekkaðs mannorðs.

Kær kveðia.

Ásta Guðrún Helgadóttir
Formaður kjörstjórnar FSR



From: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík fsr@samfylking.is
Subject: Re: Kjörgengi
Date: 10 February 2022 at 10:35
To: Guðmundur Thoroddsson gummi2905@hotmail.com
Cc: Ásta Guðrún Helgadóttir asta@helgadottir.is

Sæll Guðmundur,

Það er rétt að áréttu að kjörstjórn hefur hvorki umboð né vald til þess að úrskurða um kjörgengi einstaklinga og hefur hún ekki gert svo. Kjörstjórn hefur tekið við yfirlýsingu þess efnis að einstaka frambjóðendur staðfesti kjörgengi sitt m.t.t. Kosningalaga. Við móttöku og afgreiðslu, staðfestir kjörstjórn eða synjar. Kjörstjórn telur sig, í anda jafnræðis og lýðræðis, ekki eiga að fara í frumkvæðisathugun á kjörgengi einstakra frambjóðenda. Komi upp erindi eða kærur sem dragi kjörgengi einstaka frambjóðenda til flokksvalsins í efa, beri henni skylda að bregðast við því. Það er annars eðlis en að rökstyðja framboðslista og einstaka frambjóðendur gagnvart yfirkjörstjórn í Reykjavík.

Miðvikudaginn 9. febrúar kl. 16:57 barst kjörstjórn FSR erindi frá formanni uppstillingarnefndar þar sem óskað er upplýsinga um það hvort þú sért kjörgengur í borgarstjórnarkosningunum. Í ljósi þess að uppstillingarnefnd ber ábyrgð á endanlegri uppstillingu á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík þykir kjörstjórn rétt að taka efni erindisins til umfjöllunar.

Kjörstjórn tekur fram að skilyrði fyrir kjörgengi í flokksvali FSR, þurfi frambjóðandi að staðfesta kjörgengi í borgarstjórnarkosningunum þann 14. maí nk., sbr. framboðsyfirlýsingu og er það kjörstjórn sem úrskurði um gildi framboðsins.

Kjörstjórn lítur svo á að hún verði að taka afstöðu til erindisins, þó tíminn sé mjög naumur. Er það því hlutverk kjörstjórnar að bregðast við og óska eftir frekari gögnum, sem við nú og gerum.

Kjörstjórn hefur, í tilefni af erindinu, skoðað fjölmiðlaumfjöllun, t.d. í frétt á vef Fréttablaðsins frá 13. febrúar 2021, þar sem má skilja að þú sért á reynslulausn a.m.k. til ársins 2023. (<https://www.frettabladid.is/frettir/gumundur-fr-ekki-sti-a-lista/iða>) Það getur verið álitamál hvort einstaklingur á reynslulausn teljist hafa óflekkað mannorð í skilningi kosningalaga. Það getur m.a. ráðist af því, hvort hægt sé að líta svo á að afplánun sé lokið.

Þess vegna óskar kjörstjórn eftir því að þú framvísir vottorði, eins og fram kom í tölvupósti formanns kjörstjórnar til þín þann 5. janúar 2022, frá Fangelsismálastofnun um stöðu afplánunar, þ.e. hvort afplánun standi enn yfir eða hvort afplánun sé að fullu lokið. Þetta er í samræmi við vísbendingar um hvernig megi ganga úr skugga um þetta atriði sem lesa má úr nefndaráliiti meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um frumvarp það sem varð að kosningalögum nr. 112/2021. (<https://www.althingi.is/altext/151/s/1635.html>)

Liggi ekki fyrir áðurgreint vottorð frá Fangelsismálastofnun, kemst kjörstjórn ekki hjá því að líta svo á, að ekki liggi fyrir með óyggjandi hætti að frambjóðandi uppfyllir kjörgengisskilyrði vegna borgarstjórnarkosninganna 14. maí nk. Þar með yrði kjörstjórn nauðbeygd til að ógilda framboð þitt í flokksvalinu.

Kjörstjórn lítur svo á að ekki sé um íþyngjandi sönnunarbýrði fyrir frambjóðanda sé að ræða, enda hafi frambjóðandi staðfest munnlega við formann kjörstjórnar, bæði þann 5. janúar 2022 og aftur 9. febrúar 2022, að frambjóðandi geti útvegað slíkt vottorð án vandkvæða.

Kjörstjórn þykir miður að þetta sé að gerast svona seint í ferlinu, en lítur svo á að hún hafi uppfyllt leiðbeiningaskyldu sína um hvar frambjóðandi geti útvegað þau gögn sem gætu gagnast við rannsókn kjörstjórnar á kjörgengi, kæmi til slíkrar rannsóknar, sbr. fyrri samskipti við formann kjörstjórnar.

Kjörstjórn ítrekar því beiðni um að fá vottorð frá Fangelsismálastofnun um stöðu afplánunar þinnar. Við veitum frest til klukkan 16:00, í dag fimmtudaginn 10. febrúar 2022, til þess að skila umræddu vottorði til formanns kjörstjórnar. Eftir þann tíma má búast við að kjörstjórn taki málið til úrskurðar.

Kveðja,
Ásta Guðrún Helgadóttir
Formaður Kjörstjórnar FSR

On 9 Feb 2022, at 22:04, Guðmundur Thoroddsson <gummi2905@hotmail.com> wrote:

Sæl Ásta og takk sömuleiðis

Samkvæmt samtali okkar 19/01/22 á heimili þínu á Freyjugötu tjáðir þú mér að kjörstjórn hefði fjallað um málið og komist að niðurstöðu um að ég væri kjörgengur og að kjörstjórn væri tilbúin með svör ef einhver myndi setja spurningamerki um kjörgengið. Þá sagðir þú einnig að ef til þess kæmi að einhver myndi kæra þá myndi Samfylkingin taka þann slag.

Í ljósi þessa og að formaður Stjórnskipunar og eftirlitsnefndar alþings hafði haft samband við þig var ekki beiðið um frekari staðfestingu enda er það yfirkjörstjórn sveitarfélaga sem sker úr um kjörgengi samkvæmt lögum og er sú ákvörðun einnig kæránleg.

Það er því mjög óeðlilegt að óska á þessum tímamarki eftir frekari gögnum með það stuttum fyrirvara þegar kjörstjórn hefur þegar tekið framboðið gilt og prófkjörsslagur hafinn ásamt því að mörg hundruð þúsund krónum hefur verið varið í baráttuna. Ég hafði áður skilað 9 lögfræðiálitum til Harðar Oddfríðarsonar sem ég greiddi einnig sjálfur og kostaðir nokkur hundruð þúsund en þá hefði ég einnig sent þér þau gögn í lok síðasta árs.

Nú vill svo til að lögfræðingur minn er erlendis og kemur um helgina og ég er á fullu í kosningarbaráttu ásamt því að byrja í nýrri vinnu há Reykavíkurborg í fyrramálið og því er erfitt fyrir mig að bregðast við svo fljótt. Ég mun klárlega biðja lögfræðinginn um að afla aqana og senda vkkur um leið og hann kemur en éa mvndi ekki búast við því fvrr en eftir helgina en það á ekki að koma

að sök fyrir uppstillinganefnd enda prófkjöri ekki lokið.

Bestu kveðjur

Guðmundur Ingi Póroddsson
From: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík <fsr@samfylking.is>
Sent: Wednesday, February 9, 2022 9:28 PM
To: Guðmundur Thoroddsson <gummi2905@hotmail.com>
Cc: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík <fsr@samfylking.is>
Subject: Kjörgengi

Sæll Guðmundur,

Takk fyrir símtalið áðan.

Eftir erindi frá formanni uppstillinganefndar þá vil ég óska þess að þú reiðir fram vottorð frá Fangelsismálastofnun um stöðu afplánunar þinnar, fyrir klukkan 13:00 á morgun, 10. febrúar 2022. Þetta er í samræmi við tölvupóstsamskipti okkar frá 5. janúar 2022 og símtöl sama dags, sem og símtalið í dag. Þetta er til þess að við í kjörstjórn getum fullvissað okkur um kjörgengi þitt m.t.t. óflekkads mannorðs.

Kær kveðja,
Ásta Guðrún Helgadóttir
Formaður kjörstjórnar FSR



From: Sigrún Ásta Brynjarsdóttir sigrun@alphalogmenn.is 
Subject: Vegna Guðmundar Inga Þóroddssonar
Date: 10 February 2022 at 14:34
To: Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík fsr@samfylking.is
Cc: gummi2905@hotmail.com, asta@helgadottir.is

Komið sæl.

Ég sendi hér fyrir hönd Guðmundar Inga vottorð um að afplánun sé lokið auk erindis.

--

M.b.kv.
Sigrún Ásta Brynjarsdóttir



10. febrúar 2022

Efni: Vegna Guðmundar Inga Þóroddssonar

Í morgun, 9. febrúar 2022, var Guðmundi Inga Þóroddssyni tilkynnt að til skoðunar væri kjörgengi hans í tilvonandi sveitastjórnkosningum. Honum var þá gert að afla vottorðs um að hann hafi lokið afplánun frá Fangelsismálastofnun ríkisins, ella væri kjörstjórn „*nauðbeygð til að ógilda framboðið.*“ Hann aflaði vottorðsins og hefur lagt það fram. Til álíta getur komið hvort hann teljist hafa afplánað að fullu í skilningi kosningalaganna nr. 112/2021 (ksl), en hann hlaut reynslulausn 1. ágúst 2020 og reynslutími er til 1. ágúst 2023.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. ksl er kjörgengur í sveitarstjórn hver sá sem uppfyllir skilyrði 4. gr. laganna og hefur óflekkað mannorð. Í 3. mgr. greinarinnar er að finna frekari skilgreiningu á hvað felist í óflekkuðu mannorði, en þar segir að enginn teljist hafa óflekkað mannorð fyrr en afplánun óskilorðsbundinnar refsingar er lokið. Hins vegar kemur fram í greinargerð með frumvarpi að afplánun sé lokið þegar reynslulausn er lokið. Í 1. tölul. 1. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 er afplánun skilgreind sem vistun í fangelsi eða utan fangelsis. Í afplánun felst líkamleg skerðing hjá einstaklingnum, s.s. með fangelsisvist eða með rafrænu eftirliti sem takmarkar ferðafrelsi á ákveðnum tímum. Í 18. tölul. sömu greinar er reynslulausn skilgreind, en hún er skilorðsbundin eftirgjöf refsingar. Liggur þannig í augum uppi að reynslulausn fellur ekki undir skilgreiningu afplánunar.

Með ákvæði 6. gr. ksl er atvinnufrelsi skv. 75. gr. Stjórnarskrárinnar skert. Um er að ræða grundvallarmannréttindi sem verða ekki skert nema með skýrri lagaheimild. Ekki nægir að styðjast við eina athugasemd í greinargerð ef ætlunin er að skerða réttindi með þessum hætti. Verður því að styðjast við skilgreiningu laga á afplánun, en líkt og að ofan var rakið fellur reynslulausn ekki þar undir. Eftir stendur að Guðmundur Ingi telst kjörgengur í skilningi laganna.

Þá kemur til álíta hvort kjörstjórn sé heimilt að ógilda framboð með þessum hætti. Í 6.10. gr. skuldbindandi regla um aðferðir við val á framboðslista Samfylkingarinnar er að finna einu ógildingarheimild kjörstjórnar, en hún á við þegar brotið er gegn ákvæðum 5.2. gr. reglnanna sem greinir á um hámarkskostnað frambjóðanda við framboð sitt. Ekki er um slíkt að ræða í þessu tilfelli.

Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við störf kjörstjórnar. Um er að ræða ranga túlkun á lögum sem hefur í för með sér skerðingu á mannréttindum einstaklingsins. Þá væri kjörstjórn að taka sér vald sem henni hefur ekki verið falið með því að ógilda framboðið. Að auki hefur kjörstjórn ekki borist kæra um kjörgengi Guðmundar líkt og áskilið er í 6.10. gr. reglnanna, en einungis er um að ræða erindi frá formanni uppstillingarnefndar. Þá eru sérstaklega alvarlegar athugasemdir gerðar við tímafrestinn sem Guðmundi var settur til að afla vottorðsins. Honum barst tilkynning innan við sólarhring áður en hann átti að skila umræddu vottorði, en framboð hans hefur legið fyrir síðan í byrjun janúar og flokksvalið fer fram þann 12. febrúar.

Virðingarfyllt

Sigrún Ásta Brynjarsdóttir
Lögmaður
Sími: 777-1204
Sigrún Ásta Brynjarsdóttir, lögmaður



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Austarströnd 5 170 Seljarnarnesi
Sími: 520 5000 hréfasími: 520 5019
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

Guðmundur Ingi Þóroddsson
Gaukshólum 2
111 Reykjavík

6. janúar 2022
2201039

Fangelsismálastofnun staðfestir hér með, samkvæmt beiðni, að **Guðmundur Ingi Þóroddsson, kt. 290574-4639**, er ekki að afplána refsingu í fangelsi.

e. u.



From: Ásta Guðrún Helgadóttir asta@helgadottir.is
Subject: Vottorð varðandi að afplánun sé að fullu lokið
Date: 10 February 2022 at 16:21
To: pw@fangelsi.is
Cc: fms@fangelsi.is

Komið sæl,

Hjá kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík er m.a. til umfjöllunar vottorð útgefið af Fangelsismálastofnun, sbr. viðhengi. Felur efni vottorðsins í sér að afplánun viðkomandi sé að fullu lokið?

Kær kveðja,
Ásta Guðrún Helgadóttir
Formaður Kjörstjórnar FSR
S. 6612128



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Austarströnd 5 170 Seljarnarnesi
Sími: 520 5000 hrélfaxni: 520 5019
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

6. janúar 2022

2201039

Fangelsismálastofnun staðfestir hér með, samkvæmt beiðni, að [REDACTED] er ekki að afplána refsingu í fangelsi.

e. u.



From: Páll Egill Winkel pw@fangelsi.is
Subject: RE: Vottorð varðandi að afplánun sé að fullu lokið
Date: 10 February 2022 at 18:45
To: Ásta Guðrún Helgadóttir asta@helgadóttir.is

Sæl,

vottorð það sem vísað er til er ekki vottorð um að afplánun sé að fullu lokið heldur einvörðungu að viðkomandi sé ekki í afplánun í fangelsi. Eins og ég nefndi í tölvupósti í gær er afplánun lokið þegar viðkomandi hefur afplánað alla refsinguna að fullu eða eftir að reynslutíma lýkur í kjölfar reynslulausnar að afplánuðum hluta refsingar.

Ég vona að þetta skýri málið.

Með góðri kveðju,

Páll Winkel

-----Original Message-----

From: Ásta Guðrún Helgadóttir <asta@helgadóttir.is>
Sent: fimmtudagur, 10. febrúar 2022 16:21
To: Páll Egill Winkel <pw@fangelsi.is>
Cc: FMS <fms@fangelsi.is>
Subject: Vottorð varðandi að afplánun sé að fullu lokið

Komið sæl,

Hjá kjörstjórn Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík er m.a. til umfjöllunar vottorð útgefið af Fangelsismálastofnun, sbr. viðhengi. Felur efni vottorðsins í sér að afplánun viðkomandi sé að fullu lokið?

Kær kveðja,
Ásta Guðrún Helgadóttir
Formaður Kjörstjórnar FSR
S. 6612128



Lög Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík

FSR

1. grein - Vettvangur

Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík, FSR, er sameiginlegur vettvangur Samfylkingarfólks í Reykjavík og samstarfsvettvangur aðildarfélaganna í Reykjavík skv. 2. kafla laga Samfylkingarinnar. FSR er sjálfstætt um eigin málefni og hefur sjálfstæðan fjárhag sé ekki á annan veg mælt fyrir um í lögum Samfylkingarinnar. Heimili FSR og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein - Hlutverk

FSR fer með hlutverk og ber skyldur kjördæmisráða Reykjavíkurkjördæmanna beggja og fulltrúaráðs í sveitarfélaginu skv. 9. og 10. kafla laga Samfylkingarinnar og stendur fyrir framboði við alþingis- og borgarstjórnarkosningar. FSR beitir sér m.a. fyrir málefna- og stefnumótunarvinnu og samhæfingu kosningastarfs.

3. grein - Aðild og samstarf aðildarfélaga

Aðild að FSR eiga öll starfandi aðildarfélög Samfylkingarinnar sem eiga heimilisfesti í Reykjavík, hafa óskað aðildar og uppfylla skyldur aðildarfélaga skv. 3. kafla laga Samfylkingarinnar.

FSR er samstarfsvettvangur félaganna í Reykjavík og beitir sér fyrir nánu samstarfi og samvinnu allra aðildarfélaga sinna.

Framkvæmdastjórn FSR hefur heimild til að ákvarða árgjöld á starfstíma sínum.

4. grein - Skipan

Í FSR eiga sæti fulltrúar allra starfandi aðildarfélaga í kjördæmunum, þingmenn Samfylkingarinnar í Reykjavík og borgarfulltrúar. Hvert aðildarfélag á rétt á einum fulltrúa í ráðinu fyrir hverja 10 aðalfélagsmenn sem lögheimili eiga í Reykjavíkurkjördæmunum og síðan til viðbótar einn fulltrúa fyrir brot úr þeirri tölu, sem þó sé eigi minna en 1/3. Félagi hefur aðeins kosningarétt og kjörgengi til Fulltrúaráðsins í því aðildarfélagi þar sem hann er aðalfélagi sbr. grein 3.11 í lögum Samfylkingarinnar. Til að ákvarða fulltrúafjölda hvers aðildarfélags skal miða við fjölda félagsmanna fjórum vikum fyrir reglulegan aðalfund. Aðildarfélög skila til framkvæmdastjórnar nöfn fulltrúa sinna í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund. Aðildarfélögum er heimilt að kjósa á ný sína fulltrúa á milli aðalfunda. Breytingar á fulltrúaskipan skal aðildarfélag tilkynna til skrifstofu Samfylkingarinnar. Breytingar sem tilkynntar eru innan tveggja vikna fyrir boðaðan aðalfund eða boðaðan almennan fund í fulltrúaráðinu taka þó ekki gildi fyrr en að hinum boðaða fundi loknum.

5. grein - Kjörgengi, kjör og hæfi fulltrúa

Rétt til að bjóða sig fram til Fulltrúaráðsins eiga þeir félagsmenn í aðildarfélögunum sem eiga lögheimili í Reykjavík. Aðal- og varafulltrúar skulu kjörnir á félagsfundi aðildarfélags. Fulltrúa er óheimilt að taka þátt í meðferð máls í Fulltrúaráðinu sem varðar sérstaka eða verulega hagsmuni hans eða honum nákominn.

6. grein - Fundir Fulltrúaráðs

Fulltrúaráðið skal boðað til a.m.k. eins fundar árið milli aðalfunda en fundar að öðru leyti eins oft og þurfa þykir. Framkvæmdastjórn FSR boðar fundi Fulltrúaráðsins með tölvupósti og/eða skriflega með dagskrá með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Heimilt er að víkja frá þessum fresti og boða fund með auglýsingu auk tölvupóstsendinga, eigi aðalfundur ekki í hlut og brýnar aðstæður krefja. Skylt er að halda fund innan tveggja vikna ef minnst 20 aðalfulltrúar óska þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Fundur Fulltrúaráðs er lögmaður sé hann réttilega boðaður.

7. grein - Aðalfundur

Aðalfundur fulltrúaráðsins skal haldinn í september eða október annað hvert ár á oddatöluári.

Aðalfund skal boða með tölvupósti og/eða skriflega með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Í fundarboði aðalfundar skal birta dagskrá fundarins og tillögur framkvæmdastjórnar um lagabreytingar ef einhverjar eru. Dagskrá aðalfundar FSR.

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar
2. Ársreikningar og árshlutareikningur þess árs sem aðalfundur er haldinn
3. Skýrslur aðildarfélaga
4. Skýrslur þingsveitar og borgarstjórnarflokks
5. Lagabreytingar
6. Kjör framkvæmdastjórnar
 - a. Kjör formanns
 - b. Kjör gjaldkera
 - c. Kjör þriggja aðalmanna og fimm varamanna
7. Kjör félagslegra skoðunarmanna
8. Önnur mál

Fráfarandi framkvæmdastjórn FRSR gerir á aðalfundi um nýja framkvæmdastjórn Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn skal vera í samræmi við lög Samfylkingarinnar hverju sinni.

8. grein - Lagabreytingar

Tillögur framkvæmdastjórnar Fulltrúaráðsins að lagabreytingum skal senda út með fundarboði aðalfundar. Aðrar tillögur um breytingar á lögum þessum skal senda framkvæmdastjórninni eigi síðar en 3 vikum fyrir boðaðan aðalfund. Framkvæmdastjórn skal birta allar lagabreytingartillögur á vef Samfylkingarinnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Um lagabreytingar skal hafa eina umræðu. Til lagabreytinga þarf minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða.

9. grein - Skipan framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn FSR er kjörin á aðalfundi og er hún skipuð fimm mönnum og jafn mörgum til vara. Formaður framkvæmdastjórnar og gjaldkeri skulu kjörnir sérstaklega á aðalfundi Fulltrúaráðsins en að öðru leyti skiptir framkvæmdastjórnin með sér verkum.

Formenn aðildarfélaga, fulltrúi þingsveitar Samfylkingarinnar í Reykjavík og fulltrúi borgarstjórnarflokks skulu boðaðir á alla fundi framkvæmdastjórnar og eiga seturétt á fundum hennar með málfrelsi og tillögurétti, eða varamenn í forföllum þeirra.

10. grein - Hlutverk og fundir framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum Fulltrúaráðs í umboði ráðsins og stýrir störfum þess á milli funda. Formaður boðar framkvæmdastjórnarfundi og allsherjarfundi Samfylkingarfélaganna í Reykjavík sbr. 13.-14. grein og stýrir þeim, en er heimilt að skipa varafundarstjóra. Komi formaður ekki til boðaðs fundar skal varaformaður stýra fundinum. Mæti

hvorugur skal kosinn sérstakur fundarstjóri. Gjaldkeri annast fjárreiður Fulltrúaráðsins og er ábyrgur fyrir sjóðum þess. Á fyrsta fundi nýrrar framkvæmdastjórnar skal kjörinn varaformaður og ritari. Ritari færir fundargerðir, gætir á aðgengilegan hátt allra bréfa til og frá Fulltrúaráðinu og gætir skjala annarra en þeirra, er heyra undir gjaldkera. Í hans vörslu skulu vera gjörðabækur, sem ráðum og nefndum er skylt að halda. Sé ritari forfallaður skal skipa fundarritara í hans stað. Við upphaf fundar skal ritari bera upp fundargerð næstliðins fundar til samþykktar. Framkvæmdastjórn er ekki heimilt að skuldbinda Fulltrúaráðið fjárhagslega nema fyrir liggja samþykki meirihluta framkvæmdastjórnar. Fundur framkvæmdastjórnar er lögumætur ef meirihluti stjórnarinnar mætir til fundar. Framkvæmdastjórn skal gefa flokksstjórn Samfylkingarinnar árlega skýrslu um starfsemi Fulltrúaráðsins.

11. grein - Allsherjafundur Samfylkingarfélaganna í Reykjavík

Allsherjafundur er sameiginlegur félagsfundur allra aðildarfélaga Samfylkingarinnar í Reykjavík. Rétt til setu á allsherjafundi með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétti eiga allir fullgildir félagsmenn aðildarfélaganna sem lögheimili eiga í Reykjavíkurkjördæmunum 1. janúar næstliðins skv. félagaskrá þeirra.

12. grein - Hlutverk og boðun allsherjafundar

Allsherjafundur afgreiðir tillögu um meirihlutasamstarf í Reykjavík sbr. grein 3.15 í lögum Samfylkingarinnar. Fulltrúaráðið getur einnig samþykkt að fela framkvæmdastjórn Fulltrúaráðsins að boða til allsherjafundar allra aðildarfélaga Samfylkingarinnar í samstarfi við stjórnir þeirra til að afgreiða tiltekin sameiginleg mál aðildarfélaganna. Skylt er að boða til allsherjafundar innan viku ef minnst 1% félagsmanna aðildarfélaga óska eftir því skriflega og tiltaka fundarefni. Framkvæmdastjórn skal boða allsherjafund með dagskrá með auglýsingum auk boðunar með tölvupósti eða sms-skilaboðum með þriggja sólarhringa fyrirvara. Heimilt er að stytta fyrirvara boðunar niður í 24 klukkustundir ef brýna nauðsyn ber til að mati framkvæmdastjórnar Fulltrúaráðsins.

13. grein - Ráð og nefndir

Fulltrúaráð getur skipað ráð og nefndir sem sinna skilgreindum verkefnum. Ráð og nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag, heldur heyra fjármál þeirra undir gjaldkera Fulltrúaráðsins. Kynjahlutfall í ráðum og nefndum skal vera í samræmi við lög Samfylkingarinnar.

14. grein - Atkvæðagreiðslur

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í sérhverju máli innan Fulltrúaráðsins, framkvæmdastjórnar, ráða og nefnda og á allsherjafundum, nema annað sé tilgreint í lögum þessum. Falli atkvæði jöfn í framkvæmdastjórn ræður atkvæði formanns. Framkvæmdastjórn Fulltrúaráðsins eða meirihluti Fulltrúaráðsins geta kallað eftir ráðgefandi atkvæðagreiðslu allra reykvískra félagsmanna í aðildarfélögunum um tiltekið málefni. 10% allra reykvískra félagsmanna í aðildarfélögunum geta knúið fram ráðgefandi atkvæðagreiðslu um tiltekna afgreiðslu Fulltrúaráðsins, skrifi þeir undir kröfu þess efnis. Kröfuna ber að senda framkvæmdastjórn innan mánaðar frá viðkomandi afgreiðslu Fulltrúaráðsins. Framkvæmdastjórn ákveður fyrirkomulag atkvæðagreiðslna.

15. grein - Fulltrúar í flokksstjórn

Fulltrúaráð kýs 10 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa í flokksstjórn Samfylkingarinnar til tveggja ára í senn skv. 9. kafla laga Samfylkingarinnar. Atkvæðaseðill er eigi gildur nema kosin sé full tala.

16. grein - Um kjördæmaskipan

Meðan sú skipan helst að Reykjavík er tvö kjördæmi kemur Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík fram sem kjördæmisráð beggja kjördæmanna, óháð búsetu félagsmanna og fulltrúanna innan Reykjavíkur. Það skal í störfum sínum skoða Reykjavík sem eina heild. Val á framboðslista beggja kjördæmanna skv. 17. grein skal óháð búsetu félagsmanna og stuðningsmanna innan Reykjavíkur.

17. grein - Val frambjóðenda á framboðslista

Fulltrúaráðið ákveður framkvæmd og fyrirkomulag röðunar á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík við alþingis- og borgarstjórnarkosningar í samræmi við reglur sem flokksstjórn Samfylkingarinnar setur. Stjórn FSR starfar sem uppstillingarnefnd nema að fundur Fulltrúaráðsins ákveði annað. Ákvarðanir um framkvæmd og fyrirkomulag, skulu að jafnaði liggja fyrir eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir kjördag. Val á framboðslista skal fara fram samtímis í kjördæmunum tveimur. Allsherjafundur staðfestir frambjóðendur og röð þeirra á framboðslistum Samfylkingarinnar í Reykjavík við alþingis- og borgarstjórnarkosningar að fenginni tillögu uppstillingarnefndar. Kynjahlutfall á framboðslistum skal vera í samræmi við lög Samfylkingarinnar.

18. grein - Tilvísun

Að öðru leyti en því sem kveður á um í lögum þessum fer skv. lögum Samfylkingarinnar.

19. grein - Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi FRSR 31. janúar 2012 og með breytingum á aðalfundi FRSR 7. október 2013 og breytingum 2. sept. 2019.

Aðalvalmynd:

- [Fréttir](#)
- [Sveitarstjórnarkosningar](#)
 - [Samfylkingin í Hafnarfirði](#)
 - [Samfylkingin í Reykjavík](#)
 - [Samfylkingin í Kópavogi](#)
- [Viðburðir](#)
- [Málefni](#)
 - [Efnahags- og atvinnumál](#)
 - [Velferð](#)
 - [Alþjóðamál](#)
 - [Stjórnarfar, ríkisvald og mannréttindi](#)
 - [Menningarlíf og skapandi greinar](#)
 - [Menntun](#)
 - [Loftslag, náttúruvernd og umhverfi](#)
 - [Málefnavarfið - taktu þátt](#)
- [Um Samfylkinguna](#)

- [Félögin](#)
- [Lög og reglur](#)
- [Námskeið](#)
- [Sagan](#)
- [Starfsfólkið](#)
- [Stefnulýsingin](#)
- [Stjórnir og nefndir](#)
- [Sveitarstjórnarfulltrúar](#)
- [Þingflokkurinn](#)

Leit á vefnum



- [PL](#)
- [EN](#)

[Taka þátt](#)

Póstlisti Samfylkingarinnar

Skrá mig

Samfylkingin

Flokkurinn

- [Lög og reglur](#)
- [Styrkja flokkinn](#)
- [Afskráning úr flokknum](#)

Flýtleiðir

- [Fyrir fjölmiðla](#)

- [Persónuverndarstefna](#)
- [Trúnaðarnefnd](#)
- [Málefnaþing](#)

Vertu í bandi:

[Samfylkingin á Facebook](#) [Samfylkingin á Instagram](#) [Samfylkingin á Twitter](#)
samfylkingin@samfylkingin.is [Samfylkingin á Youtube](#)
Samfylkingin – Jafnaðarmannaflokkur Íslands

Kt. 690199-2899

Sóltún 26, 105 Reykjavík

Sími [414 2200](tel:4142200)

samfylking@samfylking.is

Fylgiskjal 8



Skuldbindandi reglur um aðferðir við val á framboðslista

1. Inngangur

1.1 Reglur þessar fjalla um og ná yfir þær aðferðir sem aðildarfélög, fulltrúaráð og kjördæmisráð skulu nota til að velja frambjóðendur Samfylkingarinnar fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

1.2 Reglur þessar eru bindandi og samþykktar af flokksstjórn í samræmi við lið g í 7.04 gr. í lögum

Samfylkingarinnar þar sem kemur fram að eitt af hlutverkum flokksstjórnar sé að setja flokksnum skuldbindandi reglur um val á framboðslista.

1.3 Að öðru leyti en kveðið er á um í reglum þessum vísast til laga flokksins.

2. Ákvörðun um aðferð við val á framboðslista

2.1 Kjördæmisráð, fulltrúaráð eða aðildarfélag ákveður, í samræmi við reglur þessar, með hvaða hætti skuli velja á framboðslista Samfylkingarinnar.

Samkvæmt 9.11 gr. laga Samfylkingarinnar skulu kjördæmisráð ákveða framkvæmd og fyrirkomulag niðurröðunar á framboðslista Samfylkingarinnar við alþingskosningar og skal valið fara fram eftir reglum sem flokksstjórn samþykkir.

Samkvæmt 10.08 gr. laga Samfylkingarinnar skal fulltrúaráð – eða stærsta aðildarfélagið í sveitarfélaginu – ákveða framkvæmd og fyrirkomulag niðurröðunar á framboðslista Samfylkingarinnar við kosningar til sveitarstjórnar og skal valið fara fram eftir reglum sem flokksstjórn samþykkir.

2.2 Ef stærsta aðildarfélagið í sveitarfélaginu ákveður fyrirkomulag og niðurröðun á framboðslista skal það gert á fundi sem er opin öllu flokksbundnu samfylkingarfólki með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

2.3 Fundi sem taka ákvörðun um tilhögun við val á framboðslista skal boða með skýrum hætti í samræmi við lög og reglur viðkomandi félags eða stofnunar. Einfaldan meirihluta atkvæða þarf á fundi til að samþykkt sé lögmæt.

2.4 Tillögur um tilhögun framboðsmála, sem bera skal upp á til þess boðuðum fundi, skal leitast við að senda út með fundarboði. Þó er heimilt að taka tillögur til afgreiðslu sem borist hafa fundarboðanda eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir upphaf fundar, nema samþykktir eða lög viðkomandi einingar kveði á um annað. Fundarboðandi skal kynna allar tillögur sem fyrir fundi liggja á vef Samfylkingarinnar, í tölvupósti eða með öðrum sambærilegum hætti.

2.5 Hafi til þess bærir aðilar ekki boðað til fundar er stjórn viðkomandi einingar skylt að halda fund innan 4 vikna um framboðsmál ef 15 félagsmenn óska þess skriflega. Slík ósk verður að koma fram eigi síðar en 5 vikum fyrir lok framboðsfrests til Alþingis eða sveitarstjórna. Ef ákvörðun um tilhögun framboðsmála hefur verið tekin á löglegum, til þess boðuðum fundi, er ekki hægt að krefjast fundar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

2.6 Kjördæmisráð, fulltrúaráð, aðildarfélag eða til þess valdir aðilar setja nánari reglur um framkvæmd vals á framboðslista. Þar skal m.a. koma fram hversu marga frambjóðendur skuli kjósa, hvað gerir kosningu bindandi o.s.frv., í samræmi við neðangreindar reglur.

3. Aðferðir við val á framboðslista

Fjórar leiðir eru í boði við að velja á framboðslista Samfylkingarinnar.

3.1 Flokksval – prófkjör þar sem flokksmenn einir hafa kosningarétt.

3.2 Flokksval – prófkjör þar sem flokksmenn og skráðir stuðningsmenn einir hafa kosningarétt.

3.3 Kjölfundur – kosið á kjölfundi í hvert sæti fyrir sig. Kjölfundur getur verið:

a) Kjördæmisþing eða fundur fulltrúaráðs (þar sem sitja fulltrúar kosnir af aðildarfélögum).

b) Aukið kjördæmisþing eða aukinn fundur fulltrúaráðs (þar sem sitja fulltrúar kosnir af aðilarfélögum og varamenn þeirra).

c) Félagsfundur aðildarfélags.

3.4 Uppstilling – raðað á framboðslista af sérkjörinni uppstillinganefnd. Setja skal uppstillinganefnd starfsreglur og afmarka verksvið hennar.

4. Kjörgengi og kosningaréttur

4.1 Kjörgengir eru allir félagsmenn í Samfylkingunni sem uppfylla skilyrði landslaga um kosningarétt og kjörgengi og hafa meðmæli félaga í Samfylkingunni. Hvert félag eða kjördæmisráð/fulltrúaráð ákveður kröfur um fjölda meðmælenda en þeir skulu þó ekki vera fleiri en 30.

4.2 Kosningarétt í flokksvali eða á kjörfundi hafa allir félagsmenn í Samfylkingunni með lögheimili í viðkomandi kjördæmi eða sveitarfélagi, sem náð hafa 16 ára aldri á valdegi og hafa skráð sig í viðeigandi flokksfélag fyrir lokun kjörskrár. Kjörskrá skal lokað 7 dögum fyrir kosningar.

4.3 Kosningarétt í flokksvali skv. gr. 3.2 hafa allir þeir sem kosningarétt hafa skv. gr. 4.2 að viðbættum skráðum stuðningsmönnum Samfylkingarinnar 16 ára og eldri, sem undirritað hafa stuðningsyfirlýsingu og skráð sig á kjörskrá innan lokafrests til skráningar. Skráðir stuðningsmenn skulu sérgreindir í kjörskrá.

Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar skal setja reglur um skráða stuðningsmenn og gera eyðublað með yfirlýsingu sem þeir undirrita. Á því eyðublaði skal koma fram nafn, kennitala og lögheimili, netfang og sími og hvernig með stuðningsmannaskrár verður farið, t.d.:

Að þær verði notaðar til útsendinga á upplýsingum sem flokkskrifstofa telur að eigi erindi við flokksmenn og almenning.

Að skráðir stuðningsmenn hafi engar skyldur eða réttindi í félagsstarfi flokksins umfram óflokksbundið fólk.

Að skráður stuðningsmaður verði að segja sig persónulega frá stuðningsyfirlýsingu sinni.

Að með skrár yfir stuðningsmenn verði farið með sama hætti og segir í lögum flokksins um félagatöl, s.s. að þeim verði ekki dreift til óviðkomandi.

Telji framkvæmdastjórn þörf á öðrum upplýsingum eða ákvæðum á eyðublaði fyrir skráða stuðningsmenn en að ofan eru nefndar þá hefur hún sjálfðæmi þar um.

5. Réttindi og skyldur frambjóðenda og framkvæmdaaðila

5.1 Kjörnefnd eða kjördæmisráð gefa út sameiginlegt kynningarefni um frambjóðendur sem senda skal öllum á kjörskrá. Einnig standa þessir aðilar fyrir kynningarfundum þar sem frambjóðendur kynna framboð sitt.

5.2 Kostnaður sem hverjum frambjóðanda er heimilt að stofna til vegna framboðs má mest nema 20% af hámarksfjárhæðum sem koma fram í lögum nr. 162/2006 (4. mgr. 7. gr.) eins og þær eru á hverjum tíma, að meðtöldu þáttökugjaldi og sameiginlegum kostnaði ef við á. Kjörnir fulltrúar (aðalmenn í sveitarstjórnnum og alþingismenn) sem taka þátt flokksvali eða kjörfundi mega aðeins nýta sér 75% áðurnefndrar kostnaðarheimildar. Sé innheimt þáttökugjald af frambjóðendum í flokksvali skal það í mesta lagi nema kr. 20.000 fyrir námsmenn óháð aldri og námsstigi.

5.3 Frambjóðendur skulu skila fjárhagslegu uppgjöri innan tímamarka sem ákveðin eru hverju sinni. Í einu og öllu skal farið eftir gildandi landslögum og reglum Samfylkingarinnar um fjármál frambjóðenda.

5.4 Ef settar eru nánari reglur um framgöngu í prófkjörsbaráttu, þar sem ákveðnar eru lægri fjárhæðir en reglur þessar mæla fyrir um, eða þrengri skilyrði um aðgang að flokksskrá, reglur um kynningarefni og önnur slík atriði, skulu slíkar reglur (eða drög að þeim) liggja fyrir áður en framboðsfrestur rennur út.

5.5* Hlutfall kvenna skal tryggt í efstu sætum framboðslista með því að láta reglur um paralista eða fléttulista ráða í þeim sætum sem kosið er í bindandi kosningu. Bundin sæti skulu að lágmarki vera fjögur þegar valið er í flokksvali.

- Paralisti: Kvenframbjóðandi skal hið minnsta skipa annaðhvort sæti 1 eða 2, hið minnsta annaðhvort næstu tveggja sæta og svo koll af kolli í hver tvö sæti.
- Fléttulisti: Aldrei skal vera meira en eitt sæti á milli kvenframbjóðenda á framboðslista

Þegar efstu sætum sleppir skal hlutfall kvenna vera tryggt á listanum öllum í samræmi við lög og reglur flokksins. Þá skal tryggja að framboðslistinn í heild endurspegli á sem bestan hátt fjölbreytni samfélagsins (t.d. með tilliti til aldurs, kyns og starfsstéttar). Víki frambjóðandi sæti eftir prófkjör færast næsti frambjóðandi upp eftir þeirri reglu að áður samþykkt kynjahlutfall haldist í gildi. Víki frambjóðandi sæti eftir prófkjör færast næsti frambjóðandi upp eftir þeirri reglu að áður samþykkt kynjahlutfall haldist í gildi.

5.6 Ávallt skal leitast við að á framboðslistum séu frambjóðendur yngri en 35 ára í að minnsta kosti fimmtungi þeirra sæta sem stillt er upp í.

5.7 Niðurstaða flokksvals eða kjörfundar er bindandi fyrir fyrirfram ákveðinn fjölda efstu sæta að teknu tilliti til reglna samkvæmt gr. 5.5 hér að ofan. Þeir frambjóðendur sem ekki ná bindandi sæti í flokksvali eða á kjörfundi öðlast ekki sjálfkrafa rétt til sætis neðar á listanum.

5.8 Með framboði undirgangast frambjóðendur góðar siðvenjur og siðareglur Samfylkingarinnar og heita því að orð þeirra og athafnir verði Samfylkingunni til sóma og framdráttar.

6. Framkvæmd flokksvals og kjörfunda

6.1 Þegar haldið er flokksval eða kjörfundur skal viðkomandi stjórn eða fundur velja sérstaka kjörstjórn sem sér um undirbúning og framkvæmd kosningar, kjörskrá, talningu atkvæða, úrskurð kærumála og tilkynningu úrslita.

6.2 Kjörstjórn skal bóka allar ákvarðanir sínar og niðurstöður.

6.3 Skrifstofa Samfylkingarinnar afhendir kjörstjórn félagatal kjördæmisráðs/fulltrúaráðs eða aðildarfélags til umsjónar eigi síðar en þremur vikum fyrir lokun kjörskrár. Skal kjörstjórn sjá um allar nýskráningar og afskráningar. Kjörstjórn afhendir skrifstofu Samfylkingarinnar leiðrétt og uppfært félagatal eigi síðar en 14 dögum eftir að flokksval hefur farið fram.

6.4 Kjörstjórn útbýr sérstaka kjörskrá sem notuð er á kjörfundi. Eftir að kjörskrá er lokað liggur hún frammi hjá kjörstjórn þar sem tekið er á móti athugasemdum vegna hennar.

6.5 Veita skal frambjóðendum aðgang að félagatali Samfylkingarinnar í samræmi við reglur flokksins um meðhöndlun félagatals.

6.6 Röð frambjóðenda á kjörseðli í flokksvali er ákveðin af handahófi þannig að nafn efsta frambjóðanda er dregið út og svo fylgja aðrir á eftir í stafrófsröð. Á kjörseðli skulu kjósendur merkja við tiltekinn fjölda frambjóðenda með númerum og raða þeim með því í sæti.

6.7 Fyrsta sætið fær sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði í það sæti, annað sætið sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði í fyrsta og annað sæti samanlögð, o.s.frv. Hlutkesti skal ráða ef frambjóðendur lenda í sama sæti við talningu.

6.8 Kjörstjórn er heimilt að skipa sérstakan trúnaðarmann sinn, einn eða fleiri, til þess að annast um og bera ábyrgð við undirbúning flokksvals og til þess að vera viðstaddur alla framkvæmd kosninganna. Trúnaðarmaður skal ekki vera úr hópi frambjóðenda.

6.9 Frambjóðanda er heimilt að láta umboðsmann sinn vera viðstaddan framkvæmd flokksvalsins á kjörstað og við talningu atkvæða.

6.10 Kjörstjórn skal ljúka afgreiðslu kærumála, m.a. vegna framkvæmdar flokksvals, kjörskrár og kosningaréttar, kjörgengis, framgöngu, notkun fjármuna og talningar. Allar kærur skal afgreiða með formlegum og rökstuddum hætti áður en úrslit eru tilkynnt. Brot á ákvæðum gr. 5.2 um hámarkskostnað geta varðað ógildingu á framboði þess sem í hlut á og ætíð ef brot er alvarlegt. Kærum vegna brota á reglum þessum um hámarksfjárhæðir í kosningabaráttu sem fram koma eftir að tilkynnt hefur verið um úrslit skal beint til framkvæmdastjórnar flokksins sem fer þá með þær heimildir sem kjörstjórn hefur skv. reglum þessum.

6.11 Úrskurðir kjörstjórnar eru kærnanlegir til úrskurðarnefndar sbr. gr. 6.13 hér að neðan. Sá sem hyggst kæra úrskurð kjörstjórnar skal tilkynna kjörstjórn þá ákvörðun sína þegar í stað og áður en kjörstjórn lýkur störfum og tilkynnir úrslit. Sæti úrskurður kjörstjórnar kæru, skal kjörstjórn gera fyrirvara um úrslit þar til úrskurður kjörstjórnar og eftir atvikum úrskurðarnefndar liggur fyrir. Kjörstjórn skal eyða kjörgögnum þegar kærufrestir eru liðnir.

6.12 Framkvæmdastjórn flokksins skal í upphafi kjörtímabils síns kjósa þriggja manna úrskurðarnefnd sem hefur umsjón með reglum þessum og leiðbeinir kjördæmisráðum, fulltrúaráðum og aðildarfélagum um framkvæmd þeirra.

6.13 Ágreiningi um framkvæmd flokksvals/kjörfundar eða önnur atriði sem það varða má skjóta til úrskurðarnefndar. Skal hún að öllu jöfnu fella úrskurð innan þriggja sólarhringa frá móttöku erindis. Úrskurðir úrskurðarnefndar eru endanlegir.

7. Sérreglur um rafræna atkvæðagreiðslu og bréflega kosningu

7.1 Sérreglur rafrænnar atkvæðagreiðslu.

7.1.1 Við rafræna atkvæðagreiðslu skal notast við miðlægt rafrænt kosningakerfi Samfylkingarinnar. Kjörstjórn ber ábyrgð á skilum kjörskrár sem nota skal í rafrænni atkvæðagreiðslu.

7.1.2 Þeir sem hafa kosningarétt bera sjálfir ábyrgð á öflun aðgangslýkils fyrir rafræna atkvæðagreiðslu.

7.1.3 Þegar kjörstaðir eru tilgreindir fyrir rafræna atkvæðagreiðslu skal kjörstjórn tryggja að tilnefndir séu umsjónarmenn sem aðstoða kjósendur sem þess þurfa við kosninguna í samræmi við ákvæði kosningalaga.

7.2 Bréfleg kosning í flokksvali.

7.2.1 Atkvæðaseðlar skulu sendir út til flokksmanna eigi síðar en tveimur vikum eftir að kjörskrá er

lokað. Í kjörgögnum komi skýrt fram hvernig lögmæt kosning er framkvæmd og hvenær frestur til að skila atkvæði rennur út.

7.2.2 Atkvæðaseðlar skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 3 dögum eftir að kjörfundi lýkur. Kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma seðli sínum til skila tímanlega. Póststimpill gildir sem staðfesting á því að skilað hafi verið innan tilskilins frests.

7.2.3 Gengið skal frá kjörgögnum í samráði við skrifstofu flokksins.

8. Samþykkt framboðslista

8.1 Fundur kjördæmisráðs, fulltrúaráðs eða félagsfundur aðildarfélags skal samþykkja endanlegan framboðslista að loknu flokksvali, eða starfi uppstillinganefndar, sé stillt upp á framboðslista.

8.2 Samkvæmt gr. 9.12 í lögum Samfylkingarinnar þurfa framboð til Alþingis á vegum Samfylkingarinnar endanlega staðfestingu flokksstjórnar.

9. Breytingar á reglum þessum

9.1 Tillögur um breytingar á reglum þessum skal bera upp á landsfundi eða á flokksstjórnarfundi skv. þeim reglum sem gilda um framlagningu tillagana skv. lögum flokksins og fundarsköpum flokksstjórnar. Til breytinga á reglum þessum þarf helming greiddra atkvæða og taka þær gildi strax nema annað sé tekið fram.

Samþykkt af flokksstjórn Samfylkingarinnar 25. ágúst 2012 Hótel Natura Reykjavík,

**Breytingartillaga við lið 5.5, samþykkt á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar 19. október 2019 í Austurbæ Reykjavík.*

Aðalvalmynd:

- [Fréttir](#)
- [Sveitarstjórnarkosningar](#)
 - [Samfylkingin í Hafnarfirði](#)
 - [Samfylkingin í Reykjavík](#)
 - [Samfylkingin í Kópavogi](#)
- [Viðburðir](#)
- [Málefni](#)
 - [Efnahags- og atvinnumál](#)
 - [Velferð](#)
 - [Alþjóðamál](#)
 - [Stjórnarfar, ríkisvald og mannréttindi](#)
 - [Menningarlíf og skapandi greinar](#)
 - [Menntun](#)
 - [Loftslag, náttúruvernd og umhverfi](#)
 - [Málefnnastarfið - taktu þátt](#)
- [Um Samfylkinguna](#)
 - [Félögin](#)
 - [Lög og reglur](#)
 - [Námskeið](#)

- [Sagan](#)
- [Starfsfólkið](#)
- [Stefnulýsingin](#)
- [Stjórnir og nefndir](#)
- [Sveitarstjórnarfulltrúar](#)
- [Þingflokkurinn](#)

Leit á vefnum



- [PL](#)
- [EN](#)

[Taka þátt](#)

Póstlisti Samfylkingarinnar

Samfylkingin

Flokkurinn

- [Lög og reglur](#)
- [Styrkja flokkinn](#)
- [Afskráning úr flokknum](#)

Flýtleiðir

- [Fyrir fjölmiðla](#)

- [Persónuverndarstefna](#)
- [Trúnaðarnefnd](#)
- [Málefnaþing](#)

Vertu í bandi:

[Samfylkingin á Facebook](#) [Samfylkingin á Instagram](#) [Samfylkingin á Twitter](#)
samfylkingin@samfylkingin.is [Samfylkingin á Youtube](#)
Samfylkingin – Jafnaðarmannaflokkur Íslands

Kt. 690199-2899

Sóltún 26, 105 Reykjavík

Sími [414 2200](tel:4142200)

samfylking@samfylking.is

SAMÞYKKT STJÓRNAR FSR UM VAL Á FRAMBOÐSLISTA SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK FYRIR BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR 2022

Í samræmi við lög Samfylkingarinnar (gr. 9.11) og „Skuldbindandi reglur um aðferðir við val á framboðslista“ samþykkir Fulltrúaráð Samfylkingarfélaganna í Reykjavík (FSR) á fundi sínum 16. desember 2021;

1 Val á framboðslista

- 1.1 að fram fari flokksval meðal flokksfólks og stuðningsfólks, um sex efstu sæti framboðslista Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2022, í samræmi við grein 3.2 í ofangreindum reglum,
- 1.2 að kjörstjórn er falin ábyrgð á framkvæmd flokksvalsins í samræmi við lög og reglur Samfylkingarinnar og lög FSR,
- 1.3 að uppstillingarnefnd er falið að staðfesta niðurstöður valsins og röðun í sex efstu sætin á framboðslistanum í samræmi við lög og reglur Samfylkingarinnar og lög FSR,
- 1.4 að uppstillingarnefnd er falið að raða á framboðslistann til enda (sæti 7 til 46) samkvæmt lögum og reglum Samfylkingarinnar og lög FSR,
- 1.5 að framboðslistinn eigi að vera tilbúinn og lagður fyrir Allsherjafund Samfylkingarfélaganna í Reykjavík eigi síðar en 6. mars 2022.

2 Flokksval

- 2.1 að flokksvalið verði rafrænt og fari fram helgina 12.-13. febrúar 2022,
- 2.2 framboðsfrestur rennur út þremur vikum fyrir flokksval eða um hádegi þann 21. janúar 2022,
- 2.3 að farið verði eftir leiðbeiningum og reglum Samfylkingarinnar um flokksval;
 - 2.3.1 að framboðslistinn skuli vera paralisti sbr. grein 5.5 í reglunum,
 - 2.3.2 að frambjóðendur skuldbindi sig skriflega í samræmi við greinar 5.1 til 5.8 í ofangreindum reglum.

3 Framkvæmd flokksvals

- 3.1 að FSR semji við viðurkenndan aðila, þannig að engin vafi leiki á því að rafrænar niðurstöður séu réttar og ómengaðar,
- 3.2 að kjörseðill er gildur ef raðað er í a.m.k. 4 sæti
- 3.3 að niðurstöður fyrir 6 efstu sæti skuli fengnar sem hér segir;
 - 3.3.1 í 1.sæti = frambjóðandi með hæstu atkvæðatölu í 1. sæti
 - 3.3.2 í 2.sæti = frambjóðandi með hæstu samanlagða atkvæðatölu í sæti 1 til 2
 - 3.3.3 í 3.sæti = frambjóðandi með hæstu samanlagða atkvæðatölu í sæti 1 til 3
 - 3.3.4 í 4.sæti = frambjóðandi með hæstu samanlagða atkvæðatölu í sæti 1 til 4
 - 3.3.5 í 5.sæti = frambjóðandi með hæstu samanlagða atkvæðatölu í sæti 1 til 5
 - 3.3.6 í 6.sæti = frambjóðandi með hæstu samanlagða atkvæðatölu í sæti 1 til 6
- 3.4 að röð frambjóðenda sem ná sætum 1 til 6 er bindandi og breytist eingöngu ef færa þarf til milli sæta í samræmi við grein 2.13 í lögum Samfylkingarinnar og grein 5.5 í reglunum um að ekki halli á konur,
- 3.5 að þeir frambjóðendur sem ekki ná bindandi sæti í flokksvalinu öðlast ekki sjálfkrafa rétt til sætis neðar á listanum, sbr. gr. 5 í reglunum. Þetta á einnig við þá frambjóðendur sem kunna að þurfa að vika sæti skv. gr. 5.5.

4 Kjörgengi og kosningaréttur

- 4.1 að kjörgengi til framboðs í flokksvali Samfylkingarinnar er háð því að vera skráður í Samfylkinguna og vera kjörgengur í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík,
- 4.2 að framboð til flokksvals Samfylkingarinnar í Reykjavík telst gilt að því gefnu:

- 4.2.1 Frambjóðandi greiði þáttökugjald í samræmi við ákvæði í kafla 6,
- 4.2.2 Frambjóðandi skili með framboði sínu, skriflegum stuðningi að lágmarki 20 flokksfélaga en ekki fleiri en 30, sem eiga lögheimili í Reykjavík,
- 4.3 að kosningarétt í flokksvalinu hafi;
 - 4.3.1 Flokksfélagar Samfylkingarinnar sem eiga lögheimili í Reykjavík og hafa náð 16 ára aldri,
 - 4.3.2 Stuðningsfólk sem á lögheimili í Reykjavík, hefur skráð sig í samræmi við reglur Samfylkingarinnar, þessar samþykktir og hefur náð 16 ára aldri.

5 Kjörskrá

- 5.1 að kjörskrá fyrir flokksvalið byggist á;
 - 5.1.1 Félagaskrá Samfylkingarinnar
 - 5.1.2 Stuðningsmannalista sem verður til í tengslum við flokksval
- 5.2 að á kjörskrá skulu þeir einir vera sem eiga lögheimili í Reykjavík,
- 5.3 að kjörskrá lokar 7 dögum fyrir flokksval eða á miðnætti 4. febrúar 2022,
- 5.4 að frambjóðendur fái aðgang að kjörskrá þegar framboðsfresti lýkur,
- 5.5 að frambjóðendur skuldbindi sig til að;
 - 5.5.1 umgangast kjörskrá í samræmi við persónuverndarlög
 - 5.5.2 umgangast kjörskrá í samræmi við persónuverndarstefnu Samfylkingarinnar
 - 5.5.3 nota ekki aðrar útgáfur af kjörskrá en þær sem þeir fá afhentar á skrifstofu Samfylkingarinnar
 - 5.5.4 eyða afriti sínu af kjörskrá um leið og flokksvali er lokið.

6 Þáttökugjöld

- 6.1 að innheimta þáttökugjöld vegna flokksvalsins, til að koma til móts við kostnað FSR við framkvæmd flokksvalsins
- 6.2 að þáttökugjöld flokksvals geti verið tvenns konar
 - 6.2.1 frambjóðendagjald
 - 6.2.1.1 almennt kr. 30.000
 - 6.2.1.2 sérstakt v/frambjóðenda sem eru námsmenn, atvinnulausir eða öryrkjar kr. 15.000
 - 6.2.2 valgjald
 - 6.2.2.1 ekki verður innheimt valgjald af kjósendum að þessu sinni

7 Upplýsingar og samstarf FSR og frambjóðenda

- 7.1 að stjórn FSR útbúi leiðbeiningar um hátterni og framgöngu í kosningabaráttunni til að tryggja jafnræði og virðingu við settar reglur,
 - 7.1.1 þessar reglur skulu innihalda upplýsingar um hámarksupphæð sem hver frambjóðandi má nota vegna framboðs síns
 - 7.1.2 frambjóðendur hafa tækifæri til að gera athugasemdir og breytingatillögur á þessum reglum á sameiginlegum fundi frambjóðenda, kjörstjórnar, uppstillingarnefndar og stjórnar FSR
- 7.2 að framboðsfresti loknum skal stjórn FSR halda sameiginlegan fund með öllum frambjóðendum, kjörstjórn og uppstillingarnefnd, til að tryggja að allir hafi sameiginlegan skilning á reglum og umgjörð flokksvalsins ásamt uppstillingarferli og gefa færi á að svara spurningum og athugasemdum,
- 7.3 að fela stjórn FSR að setja tímanlega fram skýrar leiðbeiningar um sameiginlega kynningu frambjóðenda sem senda skal rafrænt til þeirra sem eru á kjörskrá í vikunni fyrir flokksval,

7.4 að frambjóðendur í sætum 1 til 20 skrifi undir samstarfssamning við FSR og Samfylkinguna og skuldbindi sig þar til að vinna í þágu Samfylkingarinnar af heilindum ásamt því að greiða 5% af brúttólaunum fyrir setu í borgarstjórn ásamt nefndum og ráðum á vegum borgarinnar, til FSR, sbr. þó lög um hámarksframlög einstaklinga einstaklinga til stjórnmalaflokka,

8 Kjörstjórn

- 8.1 að formaður kjörstjórnar verði Ásta Guðrún Helgadóttir,
- 8.2 að fela stjórn FSR skipa 4 einstaklinga til viðbótar í kjörstjórn vegna flokksvalsins 2022 í samræmi við 17. grein laga FSR til að sjá um framkvæmd flokksvalsins, kynningu á frambjóðendum og upplýsingamiðlun, bæði til frambjóðenda og kjósenda,
- 8.3 að allir í kjörstjórn skulu vera félagar í Samfylkingunni og kjörgengir í flokksvalinu eins og þessar reglur kveða á um,
- 8.4 að einstaklingar í kjörstjórn skrifi undir trúnaðaryfirlýsingu sem kveður m.s. á um að nefndin starfi í samræmi við lög, reglur, persónuverndarstefnu og gildi Samfylkingarinnar og hún virði trúnað við viðmælendur sína,
- 8.5 að kjörstjórn skuli starfa af heilindum og í sameiningu,
 - 8.5.1 komi upp ágreiningur innan kjörstjórnar skal hún vinna úr honum innan sinna raða,
 - 8.5.2 ef ágreiningur innan kjörstjórnar er óleysanlegur sker kjörin stjórn FSR úr

9 Starfshættir og verkefni kjörstjórnar

- 9.1 kjörstjórn auglýsir flokksvalið meðal félaga í Reykjavík og á vettvangi flokksins og sendir fréttatilkynningar til fjölmiðla um það,
- 9.2 kjörstjórn hefur í einu og öllu umsjón með flokksvalinu þegar það fer fram og úrskurðar um öll vafatriði sem upp koma,
- 9.3 kjörstjórn tekur við framboðum í flokksvalið,
- 9.4 kjörstjórn tryggir að sameiginleg kynning á frambjóðendum fari fram,
- 9.5 kjörstjórn tryggir að allir frambjóðendur geti fengið aðgang að kjörskrá á sama tíma allt að þremur vikum fyrir flokksval,
- 9.6 kjörstjórn getur kallað stjórnarfolk FSR sér til fulltingis sé þess þörf,
- 9.7 kjörstjórn skilar niðurstöðum flokksvals óbreyttum til uppstillingarnefndar,

10 Uppstillingarnefnd

- 10.1 að formaður uppstillingarnefndar verði Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
- 10.2 að fela stjórn FSR að skipa a.m.k. 7 einstaklinga til viðbótar í uppstillingarnefnd vegna flokksvalsins 2022 í samræmi við 17. grein laga FSR til að taka við niðurstöðum flokksvals og setja saman framboðslista Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningar 2022,
 - 10.2.1 nefndin skal endurspegla sem best fjölbreytni innan flokksins m.t.t. reynslu, búsetu, aldurs og annarra þátta sem máli kunna að skipta
- 10.3 að allir í uppstillingarnefnd skulu vera félagar í Samfylkingunni og með lögheimili í Reykjavík, eins og þessar reglur kveða á um,
- 10.4 að uppstillingarnefnd er falið að setja saman sigurstranglegan framboðslista Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningar 2022
- 10.5 að uppstillingarnefnd starfar í umboði stjórnar FSR og í samræmi við lög, reglur og gildi Samfylkingarinnar
- 10.6 að uppstillingarnefnd skal hafa samráð við oddvita framboðslistans í vinnu sinni

11 Starfshættir og verkefni uppstillingarnefndar

- 11.1 að verkefni uppstillingarnefndar er að raða fólki í sæti 1 – 46 fyrir framboð Samfylkingarinnar til borgarstjórnar 2022,
- 11.2 að uppstillingarnefnd skal taka við niðurstöðum flokksvals frá kjörstjórn og ganga frá skipan í sæti 1 til 6 í samræmi við þær niðurstöður og með hliðsjónar af öðrum reglum flokksins,
- 11.3 að uppstillingarnefnd kallar eftir tilnefningum frá flokksfélögum um fólk í sæti 7 til 46,
- 11.4 Hún skal sérstaklega kanna stöðu þeirra sem gefa kost á sér í flokksvalinu en ná ekki efstu 6 sætum í úrslitum flokksvalsins og hug þeirra til setu á framboðslistanum,
- 11.5 að uppstillingarnefnd skal leitast við að framboðslistinn endurspegli fjölbreytta íbúasamsetningu og búsetu í Reykjavík og leitar þess vegna víða fanga í vinnu sinni.
- 11.6 að einstaklingar í uppstillingarnefnd skrifu undir trúnaðaryfirlýsingu sem kveður m.a. á um að nefndin starfi í samræmi við lög, reglur, persónuverndarstefnu og gildi Samfylkingarinnar og hún virði trúnað við viðmælendur sína,
- 11.7 að uppstillingarnefnd skuli starfa af heilindum og í sameiningu,
 - 11.7.1 komi upp ágreiningur innan nefndarinnar skal nefndin vinna úr honum innan sinna raða,
 - 11.7.2 ef ágreiningur innan nefndarinnar er óleysanlegur sker kjörin stjórn FSR úr

12 Framboðslistar lagðir til samþykktar

- 12.1 að framboðslistar verði kynntir svo fljótt sem auðið er eftir að flokksvali lýkur og ekki síðar en 6. mars 2022,
- 12.2 að framboðslistar verði um leið lagðir fyrir Allsherjarfund FSR til samþykktar, í samræmi við lög FSR